

kostnað gegn afhendingu afsals fyrir fasteigninni Laugavegi 73 Reykjavík.

Mánudaginn 13. apríl 1987.

Nr. 110/1987. **Anna Guðmundsdóttir**
Ólöf Erna Guðmundsdóttir
Guðmundur Guðmundsson og
Bára Guðmundsdóttir
 gegn
Láru Einarsdóttur og
Tryggva Guðmundssyni

Kærumál. Staðfestur dómur um að mál skuli hafið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðilar hafa skotið máli þessu með heimild í b-lið 1. töluliðar 1. málsgreinar 21. greinar laga nr. 75/1973 til Hæstaréttar með kæru 11. mars 1987, er barst Hæstarétti 30. s.m. Krefjast þeir þess að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið fyrir á ný.

Í greinargerð lögmanns sóknaraðila er krafa þeirra rökstudd með því að um lögmæt forföll hafi verið að ræða, er þing var ekki sótt af þeirra hálfu 26. febrúar 1987. Lögmaðurinn segir að einn sóknaraðila hafi látið hann vita skömmu fyrir fyrirtöku málsins þann dag að hann gæti ekki sótt þing. Lögmaðurinn kvaðst þá hafa reynt að ná sambandi við héraðsdómarann að morgni 26. febrúar en án árangurs. Hann hafi svo tilkynnt dómaranum um forföll sín strax og við varð komið og sent skriflega beiðni hinn 3. mars um að málið yrði endurupptekið skv. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936. Í beiðni þessari bar lögmaðurinn það fyrir sig að hann hefði þurft að sækja fund í þrotabúi, og er staðfest með vottorði skiptastjóra að lögmaðurinn sótti þennan fund.

Héraðsdómarinn hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar.

Greinargerð hefur ekki borist af hálfu varnaraðila.

Í áðurnefndu bréfi lögmanns sóknaraðila til héraðsdómara 3. mars 1987 segir m.a. að sóknaraðilar hafi tilkynnt honum að þeir gætu ekki sótt þing eins og við fyrri fyrirtökur málsins og hann sagt þeim að hann mundi sjá um að láta mæta fyrir sig. Af bréfinu verður ekki séð að lögmaðurinn hafi gert neinar ráðstafanir til þess, og sjálfur var hann á fundi með skiptastjóra í þrotabúi sem áður greinir. Kemur ekki fram af gögnum málsins að um lögmaet forföll hafi verið að ræða, er útivist varð af hálfu sóknaraðila 26. febrúar. Verður hinn kærði dómur því staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 5. mars 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 26. febrúar sl., hafa Ólöf Erna Guðmundsdóttir, nnr. 6867-7092, Hraunprýði 1, Ísafirði, Bára Guðmundsdóttir, nnr. 0956-3938, Bláskógum 2, Hveragerði, Anna Guðmundsdóttir, nnr. 0333-3469, Urðarvegi 37, Ísafirði og Guðmundur Guðmundsson, nnr. 3066-5511, Hafraholti 2, Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri fyrir Tryggva Guðmundssyni á hendur stefndu Láru Einarsdóttur á heimili hennar að Fjarðarstræti 55, Ísafirði og fyrir stefndum Tryggva Guðmundssyni á heimili hans að Króki 4, Ísafirði.

Stefnandi mætti eigi við fyrirtekt í málinu hinn 26. febrúar og krafðist umboðsmaður stefndu málskostnaðar kr. 100.000,00. Málið var tekið til dóms sama dag.

Niðurstaða.

Mál þetta er hafið. Með hliðsjón af atvikum málsins og með vísan til 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt að stefnendur greiði in solidum kr. 10.000,00 í málskostnað.

Dóminn kvað upp Lárus Bjarnason, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði.

D ó m s o r ð:

Málið er hafið.

Stefnendur, Ólöf Erna Guðmundsdóttir, Bára Guðmundsdóttir, Anna Guðmundsdóttir og Guðmundur Guðmundsson, greiði in solidum stefndu, Láru Einarsdóttur og Tryggva Guðmundssyni kr. 10.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.